



RLS

Ríkislögreglustjóri

ÁRSSKÝRSLA 2022

Starfsemi og rekstur



Útgefandi

Ríkislögreglustjóri
www.logreglan.is
www.almannavarnir.is

Ritstjórn

Helena Rós Sturludóttir og Marín Þórsdóttir
Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá
ríkislögreglustjóra tóku saman efnið

Útgefið

Desember 2024



RLS

Ríkislögreglustjóri

Ríkislögreglustjóri

Ársskýrsla 2022

Starfsemi og rekstur


Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Ávarp ríkislögreglustjóra | 5 |
| Skipurit embættis ríkislögreglustjóra | 6 |
| Skrifstofa ríkislögreglustjóra | 6 |
| Húsnæði | 6 |
| Yfirlit yfir verkefni RLS 2021 | 7 |
| Þjónustusvið | 7 |
| Afbrotatölfræði | 7 |
| Rannsóknir og þróun | 7 |
| Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu | 8 |
| Skjalastýring og móttaka | 9 |
| Almannavarnir | 10 |
| Covid-19 faraldurinn | 10 |
| Jarðskjálftar og eldgos | 10 |
| Veðurofsi og skriðuhætta | 11 |
| Norrænt samstarf | 11 |
| Aukin öryggisvitund og undirbúningur sveitarfélaga | 11 |
| Alþjóðasvið | 12 |
| Alþjóðadeild | 12 |
| Erlent lögreglusamstarf | 12 |
| Menntun og þjálfun | 13 |
| Erindi og verkefni | 13 |
| Stoðdeild | 14 |
| Mannauðs-, menntunar- og þjálfunarsvið | 15 |
| Sí- og sérmenntun | 16 |
| Aðkoma erlendra sérfræðinga | 17 |
| CEPOL | 17 |
| NORDCOP | 18 |
| Skólastjórafundur Norðurlandanna | 18 |
| Öryggismálasvið | 19 |
| Greiningardeild (GRD) | 19 |
| Sérsveit | 20 |
| Þjálfun 2022 | 20 |
| Öryggisgæsluverkefni 2022 | 21 |
| Öryggisdeild | 23 |
| Fjarskiptamiðstöð (FMR) | 23 |
| Helstu verkefni FMR | 23 |
| Tækniþróun og flotastýring | 24 |
| Álagstímabil og mannaforði | 25 |
| Landamærasvið | 26 |
| Menntun og þjálfun | 26 |
| Mannauðs- og tækjaáætlun | 27 |
| Schengen-úttektir og aðgerðaáætlun | 27 |
| Stöðulið Frontex | 27 |
| Áhættugreining CIRAM | 27 |
| Veikleikamat | 28 |
| Erlent samstarf | 28 |
| Laga- og reglugerðavinna | 28 |

Ávarp ríkislögreglustjóra

Blessuð veiran hélt áfram að angra okkur á nýju ári og höfðu þessar ytri aðstæður ýmis áhrif á starfsemi embættisins. Þælingar í tengslum við breytingar á skipuriti embættisins fóru af stað á árinu. Í upphafi ársins hafði ég áformað að hefja vinnu við að yfirfara kjarnastarfsemi sérsveitar, inngönguskilyrði og áherslur en bæði verkefni kröfðust náns samstarfs við erlenda aðila sem Covid-19 takmarkanir höfðu áhrif á.

Starfsfólk embættisins kom að ýmsum miskrefjandi verkefnum á árinu. Sérsveitin, fjarskiptamiðstöð og almannavarnir tóku þátt í einni stærstu leitaraðgerð síðari tíma með öðrum viðbragðsaðilum. Allir unnu sem ein heild og var magnað að fylgjast með samvinnunni. Þá tók starfsfólk greiningardeildar þátt í rannsókn á meintri hryðjuverkaógn. Rannsókn málsins var svo flutt til embættis héraðssaksóknara í haust að minni beiðni.



Hörmungarnar í Úkraínu hafa ekki farið fram hjá neinum, stríðið sem hófst þann 24. febrúar. Í ljósi aðstæðna var mikið fundað og æft þar sem farið var yfir verkefni og ábyrgð allra aðila ef mikill fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd myndi koma til landsins samtímis. Mikið hefur mætt á landamæradeild, almannavarnadeild og greiningardeild en margir hafa komið að þessum verkefnum.

Ýmis stór verkefni voru unnin á árinu, sem dæmi var það klárt framfaraspör fyrir lögreglu og viðbragðsaðila þegar samningur um nýja Björgunarmiðstöð var undirritaður.

Almannavarnir héldu vel heppnaða ráðstefnu, „Við erum öll almannavarnir“, í maí sem var vel sótt. Sérstakur sýndardómstóll var opnaður á árinu auk þess sem málþing var haldið um framtíðarskipan ákærvalds. Landssamráðsfundur gegn ofbeldi var haldinn og verða niðurstöður vinnustofa nýttar í yfirstandandi og fyrirhugaða vinnu við gerð nýrra aðgerðaáætlana stjórnvalda gegn ofbeldi.


Fyrsta Græna skrefið var tekið hjá embættinu auk þess sem ný loftslagsstefna RLS hefur verið undirrituð og henni fylgt eftir með aðgerðaráætlun. Þá tekur embættið þátt í rannsókn á vinnumeningu lögreglunnar sem unnin er fyrir dómsmálaráðuneytið og er liður í þingsályktun um framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023.

Stoðdeild hefur staðið í ströngu á árinu og verkefnalistinn stækkar frekar en hitt. Flutningur fólks úr landi gegn vilja þeirra er flókinn og oft á tíðum átakanlegur. Þegar beiðnirnar koma til okkar er málsmeðferð lokið á stjórnsýslustigi og ekki liggja fyrir heimildir hjá lögreglu til að endurmeta stöðu þeirra.

Árið hefur verið annasamt og er undirbúningur kominn á fullt fyrir leiðtogafundinn sem verður í maí 2023. Ljóst er að næsta ár verður ekki minna erilsamt enda verkefni mörg og það eru forréttindi að starfa með fólki sem leggur allt sitt á vogarskálarnar til að tryggja nauðsynlega þjónustu og vinna að öruggara samfélagi.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir

Skipurit Ríkislögreglustjóra



Skrifstofa ríkislögreglustjóra

Húsnæði

Sameiginleg húsnæðismál viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu fengu áfram talsverða athygli á árinu. Auglýsing á forvali arkitekta, vegna hönnunar á húsnæði löggæslu- og viðbragðsaðila, var birt í lok nóvember. Verkefnið tekur til embættis ríkislögreglustjóra auk Landhelgisgæslunnar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Neyðarlínunnar, Skattsins, tollgæslunnar, Landsbjargar og Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Ríkið og Reykjavíkurborg komu sér saman um staðarval hússins í sumar og mun það rísa við Kleppsgarða.

Yfirlit yfir verkefni RLS 2022

Þjónustusvið

Eftir að ráðist var í skipulagsbreytingar á embætti ríkislögreglustjóra og nýtt skipurit tók gildi á haustmánuðum 2020 var þjónustusvið stofnað. Starfsfólk sviðsins sinnir almennri og sértækri þjónustu við lögreglu, almenning og aðrar stofnanir. Meginhlutverk innan sviðsins er að sinna stoðþjónustu á sviði tölvu- og tæknimála, samskipta og gagnavísinda og greininga.

- Afbrotatölfræði/BI-greiningar
- Innri og ytri samskipti og samskiptamiðlar
- Tölvu- og tæknirekstur og þjónusta
- Móttaka erinda og afgreiðsla þeirra
- Skjalavarsla og frágangur

Þjónustusvið ber ábyrgð á og rekur allt miðlægt tölvuverki lögreglu, ákærvalds og útlendingastofnunar. Sviðið ber sömuleiðis ábyrgð á lokuðu víðneti lögreglunnar og þeim gagnaflutningi og gagnasamskiptum sem fram fara á því neti. Eitt stærsta verkefni þjónustusviðs er umsjón og eftirlit með upplýsingakerfi lögreglu, LÖKE, auk þróunar á kerfinu. Sviðið ber einnig ábyrgð á viðhaldi og þróun á öðrum upplýsingatæknikerfum, s.s. ökuskirteinakerfi, skotvopnakerfi, sakaskrá (í eigu ríkissaksóknara) og nýju landamærakerfi. Samskiptamál heyra undir sviðið; má þar nefna samskipti við fjölmiðla, ábyrgð á rekstri innra og ytra nets lögreglu og móttaka erinda frá stofnunum og einstaklingum. Þjónustusvið ber ábyrgð á útgáfu tölfræðiupplýsinga og greininga og sinnir gerð þolendakannana.

Afbrotatölfræði

Rannsóknir og þróun

Embættið fylgist með þróun afbrota á landsvísu en tveir meginmælikvarðar eru notaðir til þess. Annars vegar er gerð ýmis konar greining á tölum úr málaskrárkerfi lögreglu (LÖKE) og hins vegar stendur embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að gerð þolendakönnunar ár hvert. Í þolendakönnuninni er reynsla almennings af afbrotum könnuð og í hve miklum mæli brot eru tilkynnt til lögreglu. Í könnuninni er einnig spurt um viðhorf til lögreglu og öryggistilfinningu landsmanna.

[Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu \(júni 2022\)](#)

Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu


Ár hvert er gefin út skýrsla um afbrotatölfræði þar sem birtar eru staðfestar tölur um afbrot ársins á undan samkvæmt málaskrárkerfi lögreglu (LÖKE). Bráðabirgðatölur eru birtar í byrjun hvers árs fyrir árið á undan, áður en skýrslan um staðfestar tölur er gefin út um mitt ár. Í báðum skýrslum eru birtar greiningar eftir helstu brotaflokkum.

Jafnframt gefur embættið út ársfjórðungslega tölfræðiupplýsingar um kynbundið ofbeldi, kynferðisbrot og heimilisofbeldi, þ.m.t. manndráp og manndrápstilraunir. Sjá hér:

Kynferðisbrot fyrir árið 2022

Heimilisofbeldi og manndráp fyrir 2022

Á árinu 2022 voru að jafnaði skráð 396 mál á sólarhring hjá lögreglu og þar af fólu að jafnaði 112 tilvik á sólarhring í sér útkall af einhverju tagi. Er það mjög svipaður fjöldi og í fyrra. Rétt yfir 4.300 einstaklingar voru handteknir á árinu og þar af um 66 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru um 2.200 einstaklingar vistaðir í fangageymslu, þar af um 63 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Hegningarlagabrotum fækkaði um fimm prósent miðað við meðaltal árána 2019 til 2021 og sérrefsilagabrotum fækkaði um sex prósent og umferðalagabrotum um tíu prósent.



Fjöldi hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og annarra sérrefsilagabrota 2006 til 2022

Alls voru vopnaútköll skráð hjá sersveit ríkislögreglustjóra 388, þ.e. útkall þar sem einhver ber vopn og sersveit því kölluð til. Þetta eru 40 prósentum fleiri útköll en að meðaltali þrjú árin á undan. Í 62 prósentum þessara mála var um egg- eða stunguvopn að ræða og í 23 prósentum málanna voru það skotvopn.


Óvenju mikið magn fíkniefna var haldlagt af lögreglu og tollgæslu á árinu. Lögregla og tollgæsla hafa aldrei lagt hald á meira magn af marjúana, eða yfir 160 kg. Þá lagði lögregla hald á yfir 140 kg af kókaini (um 100 kg af því voru haldlögð fyrst í Hollandi). Þá var lagt hald á tæplega 21 lítra af MDMA-basa og rúm 2 kg af metamfetamín-kristöllum sem er einnig meira en árin á undan.

Á árinu létust fjórir í þremur manndrápsmálum. Þá vorur gerðar 14 tilraunir til manndráps á árinu, sem er óvenju mikill fjöldi. Áður var mesti fjöldi manndrápstilrauna átta, árin 2017 og 2021.

Skjalastýring og móttaka

Við utanumhald gagna er notað skjalavörslukerfið GoPro Foris og á árinu 2022 var fjöldi mála 2.749.

Heildarfjöldi mála árin 2020–2022 er 7.385.



Almannavarnir

Árið 2022 einkenndist starf almannavarna af umfangsmiklum aðgerðum vegna áskorana á sviði náttúruhamfara og heimsfaraldurs sem og óveðri sem geysaði um landið. Eitt helsta hlutverk almannavarna er að gegna samhæfingarhlutverki milli stofnana, sveitarfélaga og almennings. Á árinu tóku almannavarnir þátt í einni stærstu leitaraðgerð síðari tíma með öðrum viðbragðsaðilum. Þar sem allir viðbragðsaðilar unnu sem ein heild.

Covid-19 faraldurinn

Á árinu voru almannavarnir þrívægis á neyðarstigi vegna heimsfaraldursins. Í janúar lýsti ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi vegna óvissu um áhrif omíkrón-afbrigðisins. Síðar á árinu var almannavarnastig lækkað í takt við fækkun smita og samdrátt í innlögnum á heilbrigðisstofnanir. Rík áhersla var lögð á að landsmenn sýndu samstöðu þegar kom að sóttvörnum ásamt því að sýna sveigjanleika í sífellt breytilegum aðstæðum sem einkenndust af samkomutakmörkunum og afléttingum þeirra.

Jarðskjálftar og eldgos

Á Reykjaneskaga mældist mikil skjálftavirkni frá maí og fram eftir sumri, sem leiddi til óvissustigs og síðar neyðarstigs í kjölfar eldgoss í Meradölum í ágúst. Almannavarnir stóðu fyrir reglulegum upplýsingafundum og tryggðu stöðugt eftirlit með virkni eldstöðvanna á svæðinu til að upplýsa íbúa og tryggja öryggi á svæðinu. Á Suðurnesjum var jarðskjálftavirknin stöðug og óvissustig virkjað endurtekið til að viðhalda viðbúnaði.



Veðurofsi og skriðuhætta

Tvisvar sinnum í febrúar var lýst yfir óvissustigi almannavarna vegna djúpra lægða og óveðurs sem olli miklu foktjóni og rafmagnstruflunum um allt land. Á Austurlandi var lýst yfir óvissustigi vegna skriðuhættu í nóvember og fylgst var vel með aðstæðum á Seyðisfirði og á Eskifirði þar sem hreyfingar á jarðvegi voru mældar á hættusvæðum.

Norrænt samstarf

Á haustmánuðum var almannavarnasamstarf Norðurlanda virkjað í kjölfar flóða í Pakistan, þar sem tveir íslenskir sérfræðingar tóku þátt í hjálparstarfi á vettvangi. Afleiðingar flóðanna höfðu gríðarlega mikil áhrif á líf fólks í landinu og er óhætt að segja að ófremdarástand hafi ríkt þar sem um það bil þriðjungur landsins var umflotinn vatni. Í desember funduðu fulltrúar Norðurlandanna í Reykjavík undir merkjum Haga-samstarfsins, þar sem áhersla var lögð á sameiginlegar áskoranir og þróun á samstarfsleiðum til að efla viðbragðsgetu.

Aukin öryggisvitund og undirbúningur sveitarfélaga

Í apríl stóð almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fyrir ráðstefnu fyrir yfirvöld og mikilvæga innviði, þar sem kynntar voru leiðbeiningar og ný vefgátt sem auðveldar sveitarfélögum að greina og bregðast við krísuástandi. Vefgáttin býður upp á miðlægan vettvang fyrir áhættumat og greiningu á áfallapoli sem eykur viðnámsþrótt samfélaga og stuðlar að bættri samhæfingu og viðbúnaði í almannavarnamálum.

Almannavarnir hafa á árinu sýnt fram á mikilvægi sveigjanleika og samvinnu í viðbrögðum með fjölbreyttum hætti, með því að auka upplýsingaöryggi, bregðast tímanlega við náttúruvá og efla samstarf við þjóðir innan Norðurlandasamstarfsins.

Alþjóðasvið

Alþjóðadeild

Umfang verkefna á starfssviði alþjóðadeildar hefur aukist jafnt og þétt. Síðustu ár hefur margvíslegt umbótastarf verið unnið til að styrkja starfsemina, meðal annars til að minnka vinnuálag. Sífellt er unnið að því að auka faglega afgreiðslu verkefna með markvissara og skilvirkara verklagi, bæði fyrir starfsfólk alþjóðadeildar og samstarfsaðila.

Áfram var unnið að því að kynna lögregluembættunum og öðrum samstarfsaðilum starfsemi og þjónustu deildarinnar og þau úrræði sem erlent lögreglusamstarf býður upp á. Reynslan sýnir að slíkir vinnu- og kynningarfundir efla gagnkvæma þekkingu og samstarf og auka notkun á þekkingarbanka alþjóðadeildar.

Alþjóðadeild rekur vefsvæðið Alþjóða-wiki, gagnvirkun upplýsingabrunn sem þjónar starfsfólki deildarinnar og um leið öllum lögreglumönnum og samstarfsaðilum. Þar eru aðgengilegar allar upplýsingar um starfsemi alþjóðadeildar, þá þjónustu og úrræði sem deildin býður upp á ásamt leiðbeiningum um hvernig skuli bera sig að. Sífellt fleiri verkefni eru unnin með rafrænum formum og veflausnum í gegnum Alþjóða-wiki. Uppbygging og rekstur vefsvæðisins er sífelluverkefni sem alþjóðadeild vill að allt starfsfólk lögreglu og samstarfsaðila komi að.

Samstarf við tölvudeild er mikilvægt þar sem deildin vinnur með stór alþjóðakerfi og gagnagrunna sem eru í stöðugri þróun og þarf að breyta í takt við nýja tíma.

Alþjóðadeild hefur umsjón með áhafnalistakerfi sem leitar í Interpol og SIS gagnagrunnum í farþega- og áhafnalistum skipa sem koma til landsins. Mikil aukning hefur verið í skipakomum frá fyrri árum.

Erlent lögreglusamstarf

Samstarf alþjóðadeildar og Europol gengur mjög vel en föst viðvera tengslafulltrúa hjá Europol er mikilvægur og gagnlegur þáttur þess samstarfs. Fleiri lögregluembætti og samstarfsaðilar hafa nú beinan aðgang að samskiptakerfum og gagnagrunnum Europol og nýta sér betur og oftar þá þjónustu og úrræði sem í boði eru.

Samstarf alþjóðadeildar við Interpol gengur vel. Á alþjóðavísu er mikil áhersla lögð á að löggæsluyfirvöld nýti gagna- og upplýsingabanka Interpol við dagleg störf, bæði til uppfléttingar og skráninga.

Upplýsingakerfi Schengen-samstarfsins (SIS) hefur tekið nokkrum breytingum síðustu misseri, meðal annars vegna aukinnar áherslu á Return Decision. Alþjóðadeild hefur fylgst vel með þeirri þróun og innleitt nauðsynlega þætti í starfsemi deildarinnar. Notkun kerfisins jókst talsvert á árinu 2022. Á árinu varð metfjöldi í smellum á íslenskar skráningar erlendis og líka héraendis á erlendar skráningar.

Auk þess sem að ofan greinir þjónustaði alþjóðadeild sem fyrr margvísleg verkefni vegna annars erlends lögreglusamstarfs: NFIP samstarfsins (landstengiliður vegna knattspyrnuleikja), PTN (norrænt samstarf lögreglu og tollgæslu) og ENFAST samstarfsins um að handsama eftirlýsta einstaklinga sem eru á flóttu undan réttvísinni.

Menntun og þjálfun

Það er starfsemi alþjóðadeildar mikilvægt að sækja og viðhalda góðum tengslum og þekkingu á starfsemi þeirra stofnana sem deildin þjónustar, bæði innanlands og erlendis. Erlendis sóttu átta starfsmenn tíu formleg námskeið á starfssviði alþjóðadeildar en jafnframt sótti starfsfólk nokkurn fjölda vefnámskeiða. Þátttaka starfsmanna í erlendum og innlendum ráðstefnum, fundum og vinnuhópum, sem falla undir ábyrgð og starfssvið deildarinnar, tilheyrir menntun og þjálfun þeirra.

Erindi og verkefni

Daglega móttækur alþjóðadeild mikinn fjölda erinda og tilkynninga í gegnum lokuð samskiptakerfi erlendra samstarfsaðila og notar þau með sama hætti til að senda út skeyti og fyrirspurnir frá Íslandi. Þá berst jafnframt talsverður fjöldi erinda í gegnum sameiginlegt netfang og símanúmer deildarinnar sem og með bréfpósti. Árlega skipta innkomin og afgreidd erindi þúsundum; fjölda þeirra lýkur með afgreiðslu innan deildar en sumum þarf að miðla til hlutaðeigandi samstarfsaðila og viðskiptavina.

Alþjóðadeild fær beiðnir um aðstoð frá fjölmörgum stofnunum og þarf aðstoð frá öðrum.

Helstu stofnanirnar eru þessar: Lögregluembættin í landinu, erlend lögreglulið, borgaraþjónustan, Útlendingastofnun, Tollgæslan, Fangelsismálastofnun, Samgöngustofa, Vinnueftirlitið, Þjóðskrá, ráðuneytin, ríkissaksóknari, héraðssaksóknarar og Landhelgisgæslan. Náð samstarf er við önnur svið og deildir innan RLS eins og fjarskipti, greiningardeild, tölvudeild, stoðdeild, landamæradeild, lögfræðinga embættisins, persónuverndarfulltrúa, MSL o.fl.



Stoðdeild

Umræður um fylgdir fyrrum umsækjenda um alþjóðlega vernd urðu fyrirferðarmeiri á árinu en áður. Hópur fólks hefur dvalið lengur á landinu en efni stóðu til, vegna ferðatakmarkana sem fylgdu Covid-19 heimsfaraldrinum. Sú biðstaða sem myndaðist í kjölfar Covid-19 varð til þess að afturkallanir á verkbeiðnum um þvingaða fylgd fyrrum umsækjenda um alþjóðlega vernd úr landi, voru alls 200 talsins á árinu.


Alls var 90 verkbeiðnum lokið með fylgd og 35 verkbeiðnum var lokið án fylgdar. Flest þeirra sem var fylgt úr landi voru einstaklingar sem vísað er frá landinu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, eða alls 39 talsins.

Lokin mál 2022

| | Lokið með fylgd | Lokið án fylgdar |
|--------------------------------------|-----------------|------------------|
| Brottvísun hælisleitenda/annarra | 23 | 13 |
| Fangaflutningur/EAW/Brottvísun fanga | 4 | 6 |
| Dublin-mál | 39 | 9 |
| Brottvísun vegna ólöglegrar dvalar | 2 | 1 |
| Frávísun | 22 | 6 |

Hér má sjá samanburð á fylgdum stoðdeildar frá 2020–2022.

Brottvísun með fylgd



Í lok febrúar, í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu, fóru starfsmenn stoðdeildar til Póllands til að fylgja eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar í tengslum við komu flóttafólks frá Úkraínu til Íslands. Fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd jókst verulega á árinu, fór úr því að vera 843 árinu áður í það að vera 4.495 manns og var fjölmennasti hópurinn frá Úkraínu annars vegar, 2.350 manns, og frá Venesúela hins vegar, eða 1.182 manns.

Mannauðs-, menntunar- og þjálfunarsvið

Með tilkomu mannauðsstjóra, sem var ráðinn árinu áður, var ráðist í ýmis stór og mikilvæg verkefni. Helstu áherslurnar eru þær að mannauðsstjórnun embættisins grundvallist á notkun bestu aðferða þar sem gætt er að jafnréttissjónarmiðum og að gegnsæi sé í ráðningum og öðrum ákvarðanatökum.

Skerpt var á mannauðsferlum, hvort sem það snýr að móttöku nýrra starfsmanna, þróun í starfi eða þegar að starfslokum kemur. Móttaka nýrra starfsmanna var sett í fastmótað ferli en embættið leggur metnað í að taka vel á móti nýju starfsfólki og koma því fljótt og vel upplýstu inn í þau störf sem þau eru ráðin til að sinna innan embættisins. Þá voru breyttar áherslur í gerð starfslýsinga og starfsþróunarsamtölum og skilar sú vinna sér í betur skilgreindum störfum og skýrari verkefnum starfsfólks.

Gerður var tilraunasamningur um áfallamiðaða sálfræðiþjónustu sem gefur góða raun og mikilvægt er að þróa þá vinnu áfram. Innleiðing á verkefninu „Velliðan á vinnustað“ gekk vel, en verkefnið felur í sér að hver mánuður er með fast þema sem ætlað er að stuðla að fræðslu og ýmsum öðrum atburðum í þeim tilgangi að efla jákvæða vinnumenningu og starfsanda. Hefur þessi vinna skilað sér í jákvæðari vinnustað með bættum starfsanda.

| Mannauðsárið í tölum | | | | | |
|----------------------|------------------------|---------------|-------|--------------|------------------------|
| | Starfsmanna- fjöldi | Kynjahlutföll | | Lögreglumenn | Almennir starfsmenn |
| | | Karlar | Konur | | |
| 2020 | 158 | 79% | 21% | 113 | 45 |
| 2021 | 192 | 75% | 25% | 133 | 59 |
| 2022 | 199 | 79% | 21% | 140 | 59 |



Sí- og sérmenntun

Starfsemi mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar (MSL) árið 2022 var fjölbreytt að vanda. Í lengra námi MSL voru tvær námslínur haldnar: *Stjórnendanám fyrir stjórnendur vakta í almennri löggæslu og Rannsóknir sakamála*. Námið tekur 5–6 mánuði og samsvarar 10 ECTS einingum. Vegna Covid-takmarkana þurfti að endurskoða staðlotur og færa í fjarkennslu. Útskrifaðir voru 26 varðstjórar úr *Stjórnendanámi fyrir stjórnendur vakta í almennri löggæslu* og 16 úr *Rannsóknnum sakamála*.

Sérstök áhersla var þetta árið lögð á fræðslu vegna málefna á landamærunum (Schengen) og innleiðingu á EES (Entry-Exit System). Fjöl mörg námskeið voru haldin, bæði í MSL og rafrænt á kennslukerfinu Canvas, ásamt því að leiðbeinendur fóru á starfsstöðvar sem skilgreindar eru sem landamæri.

Alls voru um 50 viðburðir hjá MSL á árinu sem skipta má í sérhæfð námskeið, lengra nám, vinnustofur, ráðstefnur og þjálfunarstig lögreglu. Þjálfun á þjálfunarstigum lögreglu eru skyldunámskeið fyrir lögreglumenn sem eru skilgreindir á þjálfunarstigum 2 og 3.

Í takt við fjölbreytt starf lögreglu endurspeglaði fræðsludagskrá MSL þann fjölbreytileika þar sem m.a. var boðið upp á námskeið í hatursglæpum, skýrslutökum, mansali, sálrænni fyrstu hjálp á vettvangi, starfrækslu dróna í lögreglu, félagastuðningi, stafrænum kynferðisbrotum, rannsóknnum fjármálaumsvifa, einkennum og áhrifum fíkniefna, ofbeldi gagnvart fötluðu fólki, rannsókn og meðferð stafrænna brota, svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur MSL unnið þétt með Samtökunum '78 sem stóðu fyrir fræðslu fyrir starfsfólk lögreglu, bæði á námskeiðum og í lengra námi hjá MSL. Alls sóttu um 1.100 þátttakendur fræðslu á vegum MSL á árinu 2022.



Aðkoma erlendra sérfræðinga á árinu

MSL hefur staðið fyrir fjölbreyttu fræðslustarfi í samstarfi við innlenda og erlenda sérfræðinga.

■ Vinnustofur og námskeið:

Vinnustofa um fjölmenningu með pólsku lögreglunni þar sem tóku þátt níu pólskir og tíu íslenskir lögreglumenn.

Gail Pennybacker og Ken White frá FBI Academy héldu námskeið fyrir lögreglu um samskipti við fjölmiðla, ásamt verklegri þjálfun fyrir stjórnendur.

Kevin Hyland, sérfræðingur í mansali, hélt fyrirlestur fyrir starfsfólk lögreglu.

Fjórtán lögreglumenn sóttu námskeið um hatursglæpi í Auschwitz, undir stjórn pólskra sérfræðinga.

■ Sérfræðingar og alþjóðlegt samstarf:

Sérfræðingar frá dönsku leyniþjónustunni leiðbeindu á námskeiðinu Sérstakar rannsóknaraðgerðir lögreglu 3, þar sem 11 lögreglumenn útskrifuðust.

Íslensk lögregla tók þátt í evrópska K9 verkefninu um þjálfun löggæsluhunda með pólskum lögreglumönnum.

■ Ráðstefnur:

Ráðstefnan *Organized Crime – Current challenges and future vision* var haldin í desember með þátttöku íslenskra og erlendra sérfræðinga, m.a. Dr. Klaus von Lampe, Søren Have Enevoldsen og Trine Nuland Nilsen. Í framhaldi voru vinnustofur fyrir rannsakendur og greinendur.

CEPOL

Löggæslumenntastofnun Evrópusambandsins (CEPOL) er miðlægt menntasetur fyrir starfsfólk lögreglu í löndum Evrópusambandsins. MSL gerði í árslok 2016 samning við CEPOL sem gerir starfsfólki lögreglunnar á Íslandi kleift að sækja sér námskeið og fræðslu. Námskeiðin eru bæði vefnámskeið og staðnámskeið sem haldin eru víðs vegar um Evrópu. Undanfarin ár hefur CEPOL lagt mikla áherslu á vefnámskeið þar sem starfsfólk lögreglu getur tekið þátt í fjölbreyttu framboði námskeiða á sinni starfsstöð. Þetta fyrirkomulag hentar einkar vel og eykur aðgengi lögreglunnar að sérhæfðum fræðslufyrirlesturum á vegum CEPOL.

Á árinu 2022 nýttu um 70 starfsmenn lögreglu sér vefnámskeið CEPOL en 12 starfsmenn lögreglu sóttu staðbundið námskeið á þeirra vegum. Þátttakendur eða vinnustaðir þeirra greiða fyrir ferðir og upphald þátttakenda en engin námskeiðsgjöld eru innheimt af CEPOL. Allar upplýsingar og námsframboð CEPOL er aðgengilegt á innri vef lögreglunnar og vefsíðu MSL. Tengiliðir aðildarlanda CEPOL funda tvisvar á ári í Búdapest, þar sem höfuðstöðvar CEPOL eru staðsettar og sótti fulltrúi MSL þá fundi í apríl og október.

NORDCOP

MSL, ásamt Háskólanum á Akureyri, er samstarfsaðili lögregluskólanna á Norðurlöndunum, undir formerkjum NORDCOP. Samstarfið hefur staðið í langan tíma undir formerkjum samstarfs ríkislögreglustjóra Norðurlandanna og er fjármagnað af ríkislögreglustjórunum en hefur einnig verið styrkt af NORPLUS. Samstarfið miðar að því að efla grunnnáms til starfsréttinda í lögreglustarfi með því að þróa sameiginlega námsþætti og námsefni, s.s. á sviði tölvubrota, aksturs með forgangi, aðgerðabjálfunar og landamæraeftirlits. Fulltrúi MSL í NORDCOP-samstarfinu fundar með fulltrúum Norðurlandanna tvisvar á ári. Þá eru nemendaskipti mikilvægur þáttur í samstarfinu og árlega höfum við tekið á móti lögreglunum frá Norðurlöndunum. Þetta árið tókum við á móti þremur lögreglunum, tveimur frá Finnlandi og einum frá Svíþjóð.

Skólastjórafundur Norðurlandanna

Á árinu voru haldnir tveir skólastjórafundir lögregluskóla Norðurlandanna. Fyrri fundurinn var staðfundur í lögregluskólanum í Tampere í Finnlandi og sá síðari var fjarfundur sem finnski lögregluskólinn stýrði. Á fundinum var farið yfir helstu breytingar og nýjungar í náminu hjá hverju landi frá síðasta fundi. Farið var yfir samstarfsverkefni NORDCOP á árinu og tillögur ræddar um næstu verkefni.



Öryggisvið

Greiningardeild (GRD)

Haustið 2022 hóf GRD rannsókn á ætluðum undirbúningi og skipulagningu hryðjuverks á Íslandi. Var þar meðal annars horft til brota á 100. gr. a, b og c almennra hegningarlaga. Rannsókn leiddi í ljós að sakborningarnir hefðu útvegað sér skotvopn og skotfæri, framleitt skotvopn, sýnt aðdáun á fjöldamorðum og hryðjuverkum þekktra hryðjuverkamanna, þó sérstaklega Anders Breivik. Þá hefðu þeir sótt sér hryðjuverkatengt efni af netinu og rætt saman um fjöldamorð og morð á einstaklingum. Sérfræðingar á vegum ECTC (Europol Counter Terrorism Center) studdu við rannsókn málsins og töldu víst að með rannsókn málsins hefði verið komið í veg fyrir hryðjuverkaárás á Íslandi. Á síðari stigum var rannsókn málsins færð frá GRD til embættis héraðssaksóknara.

Árið 2021 gaf GRD út áhættumatsskýrslu vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka. Skýrslan kom í kjölfar þess að Ísland var sett á svokallaðan gráan lista FATF. Skýrslan var einnig gefin út á ensku. Árið 2022 var unnið að uppfærslu þessarar skýrslu og standa vonir til að hún verði endurútgefin á næsta ári.

GRD vann í samráði við ritara Þjóðaröryggisráðs að skýrslu um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum. Aðkoma GRD var að mestu leyti að afla upplýsinga og mótun efnis í níu af 19 köflum skýrslunnar. Skýrslan kom út í lok árs 2022.

Í kjölfar innrásar Rússa inn í Úkraínu í byrjun árs 2022 fjölgaði verkefnum GRD á sviði þjóðaröryggismála. Má þar nefna miðlun stöðumatsskýrslna, samráðsfundi með CERT-IS og UTN vegna netöryggis og netárása, samvinna við stofnanir og einkafyrirtæki við ástandsvitund og eflingu áfallapóls. Mikilvægir og krítískir innviðir landsins voru í brennidepli og alþjóðleg samvinna í málaflöknum jókst til muna. Ísland var skilgreint sem óvinveitt ríki af stjórnvöldum í Rússlandi og í kjölfar þess hófst undirbúningur að ítarlegri skýrslu um þær fjölþáttaógnir sem steðja að Íslandi í núverandi ástandi heims mála. Skýrslan mun koma út snemma árs 2023 þar sem m.a. verður fjallað um hættur af ólögumtri upplýsingaöflun.

Nokkur nýmæli fólust í því frumkvæði RLS að bjóða þingflokki og ráðherrum til kynningar á stöðu og horfum hvað varðaði skipulagða glæpastarfsemi og önnur almannaoöryggismál. GRD undirbjó kynningar vegna þessara funda sem mæltust vel fyrir. Reglulegir fundir með ráðherrum þar sem miðlað er ástandsmati og upplýsingum eru nú hluti af kjarnaverkefnum GRD.

Sérsveit

Verkefni sérsvaitar á árunum:



Sérsveit ber skotvopn að staðaldri og sinnir þannig öllum verkefnum sínum vopnuð.

Þjálfun 2022

Hafist var handa við að innleiða nýja aðferðafræði vegna vopnamála á árinu sem tekin var upp eftir sérsvaitinni í Noregi en norskir þjálfarar komu hingað til lands og aðstoðuðu okkur við innleiðinguna. Aðferðafræðin helst í hendur við þá þróun sem hefur átt sér stað meðal sérsvaita á Vesturlöndum undanfarin ár. Þá tók sérsvaitin þátt í Norður-Víkings æfingunni og sótti einnig þjálfun innan Atlas-samstarfsins ásamt samstarfi við norrænar sérsvaitir. Meðal þjálfunar og námskeiða sem sótt voru erlendis má nefna sjóaðgerðanámskeið í Þýskalandi, ríffilnámskeið á Ítalíu, endurmenntun sprengjusérfræðinga í Kanada, EOD-námskeið í Noregi, samningatækninámskeið í Noregi, samningatækniráðstefnu á Grikklandi, námskeið í skyndihjálpi í Svíþjóð, skotvopnanámskeið í Noregi og Póllandi og skotvopnanámskeið fyrir þjálfara í Noregi.

Sérsveit æfir og þjálfar samkvæmt skilgreindum námslínunum, sem hver hefur sína megináherslu. Um árlega sífelluþjálfun er að ræða og sækja sérsvaitarmenn tvær eða fleiri námslínur yfir árið, allt eftir áherslum þeirra innan sveitarinnar.



Mjög mikil aukning hefur átt sér stað í útköllum sérsveitar þar sem tilkynnt er um vopnaða einstaklinga eða hópa, einna helst er um að ræða hnifa eða skotvopn. Hefur aukningin verið þannig:



Þá hefur líkamstjón og manndráp aukist til muna samhliða ofangreindum tilkynningum og er það oftast vegna beitinga vopna þegar einstaklingar eða hópar takast á – enda þess vegna sem sérsveit er kölluð til:



Auknar áskoranir hafa komið fram á síðastliðnum árum sem sérsveitin og lögregla þurfa að takast á við með tilkomu þrívíddarprentaðra skotvopna, en slíku vopni var beitt árið 2022 í skotárás. Þá hafa haldgningar á þrívíddarprentuðum íhlutum í skotvopn farið fram árin 2021 og 2022.

Öryggisgæsluverkefni 2022

- **Heimsókn sendiherra Ísrael 2. – 6. mars.**
Sérsveit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum og viðkomustöðum sendiherrans þegar hann fundaði með íslenskum ráðamönnum.
- **Heimsókn sendiherra Úkraínu 28. febrúar – 2. mars.**
Sérsveit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum og viðkomustöðum sendiherrans þegar hann fundaði með íslenskum ráðamönnum.
- **Ráðherrafundur Norðrhópsins 7. – 8. júní.**
Varnarmálaráðherrar Bretlands, Danmerkur, Finnlands, Hollands, Lettlands, Litháen, Noregs, Svíþjóðar, Þýskalands og formaður hermálanefndar NATO sóttu fundinn. Fundurinn var haldinn á Reykjavík Hilton Nordica og ráðherrarnir gistu á sama stað. Vopnaðir erlendir lífverðir voru í för með nokkrum ráðherranna.

Sérsveit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum, fundarstað, viðkomustöðum og gististað ráðherranna og öryggisleit á þessum stöðum. LRH annaðist umferðarfylgd á tilgreindum ferðum ráðherranna.

- **Heimsókn varnarmálaráðherra Ítalíu 13. – 14. júní.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum og viðkomustöðum ráðherrans.
- **Heimsókn aðstoðarráðherra bandaríska flotans 13. – 15. júní.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum og viðkomustöðum ráðherrans. Sérsvleit annaðist öryggisleit á glististað ráðherrans.
- **30 ára afmæli sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna 26. – 28. ágúst.**
Forsetar Eistlands, Lettlands og Litháen voru viðstaddir athöfn í Höfða í tilefni af 30 ára sjálfstæðisafmæli Eystrasaltsríkjanna. Einn erlendur vopnaður lífvörður fylgdi hverjum forseta.

Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum, fundarstað, viðkomustöðum og glististöðum forsetanna og öryggisleit á þessum stöðum. LRH annaðist forgangsfylgd á öllum ferðum forsetanna.
- **Millilending utanríkisráðherra Kína á Keflavíkflugvelli 25. september.**
Sérsvleit annaðist vopnaða öryggisgæslu á flugvellinum í samvinnu við LSS á meðan ráðherrann dvaldi þar.
- **Arctic Circle 2022 (Hringborð Norðurslóða) 12. – 15. október.**
Landstjóri Kanada, krónprins Noregs, forseti Eistlands og formaður hermálanefndar NATO sóttu ráðstefnuna. Í för með hverjum gestanna voru erlendir vopnaðir lífverðir.

Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum, fundarstað, viðkomustöðum og glististöðum gestanna og öryggisleit á þessum stöðum. LRH annaðist forgangsfylgd á öllum ferðum gestanna.
- **Heimsókn forseta Finnlands 19. – 21. október.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum, viðkomustöðum og glististað forsetans og öryggisleit á þessum stöðum. LRH annaðist forgangsfylgd á öllum ferðum forsetans. Í för með forsetanum voru tveir vopnaðir lífverðir.
- **Heimsókn Sviatlana Tsikhanouskaya 8. – 13. nóvember.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum, viðkomustöðum og glististað hennar ásamt öryggisleit á þessum stöðum. Í för með gestinum voru tveir vopnaðir lífverðir.
- **Heimsókn forsætisráðherra Finnlands 22. – 23. nóvember.**
Sérsvleit annaðist vopnaða lífvarðargæslu á ferðum, viðkomustöðum og glististað forsætisráðherrans og öryggisleit á þessum stöðum. LRH annaðist forgangsfylgd á öllum ferðum forsætisráðherrans. Í för með ráðherranum voru tveir vopnaðir lífverðir.

Öryggisdeild

Öryggisdeild ríkislögreglustjóra hóf formlega störf þann 1. september 2019, en meginmarkmið hennar er að efla öryggi æðstu stjórnar ríkisins og fyrirbyggja uppákomur sem ógnað geta öryggi starfsmanna embætta, ráðuneyta og starfsemi þeirra. Framangreint tekur m.a. einnig til dómstóla. Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á öryggismálum varðandi opinberar heimsóknir og heimsóknir erlendra aðila og hópa sem koma til landsins og þurfa á vernd að halda.

Verkefni öryggisdeildar RLS hafa undið talsvert upp á sig frá stofnun hennar og eru orðin nokkuð margþætt í síkviku umhverfi. Helstu verkefni er öryggisgæsla allan sólarhringinn á Bessastöðum, í forsætisráðuneytinu og í utanríkisráðuneytinu. Öryggisgæsla á Alþingi, ríkisstjórnarfundum og í Hæstarétti Íslands við málflutning og dómsuppkvaðningar. Öryggisúttektir í ráðuneytum, á Alþingi, hjá embætti forseta Íslands og öðrum mikilvægum stofnunum landsins. Samskipti við sendiráð erlendra ríkja og alþjóðastofnana vegna öryggismála. Bakgrunnsskoðanir og öryggisvottanir.

Skipulag lög- og öryggisgæslu vegna opinberra heimsókna og alþjóðlegra funda og ráðstefna hérlendis, þ. á m. stórviðburða á vegum íslenskra stjórnvalda.

Fjarskiptamiðstöð (FMR)

Ríkislögreglustjóri starfrækir fjarskiptamiðstöð sem þjónar öllu landinu og hefur verið starfrækt frá árinu 2000. Aðstoðaryfirlögregluþjónn fer með daglega stjórn deildarinnar en auk þess eru tveir aðalvarðstjórar í dagvinnu sem aðstoða við daglega stjórnun og rekstur.

Helstu verkefni FMR

FMR er fyrsta viðbragð lögreglu og tekur við símtölum og tilkynningum frá Neyðarlínunni (112). Þar er verkefnum forgangsraðað, útköll skipulögð og fyrstu aðgerðir lögreglu á vettvangi samhæfðar. Vert er að taka fram að mikill fjöldi verkefna er afgreiddur beint í FMR.



Fjarskiptamiðstöð veitir lögreglumönnum á vettvangi mikilvæga þjónustu, s.s. aðgang að upplýsingakerfum lögreglunnar (LÖKE) og öðrum gagnasöfnum. Einnig sinnir FMR samskiptum við aðrar lögreglustöðvar og stofnanir, bæði í gegnum símtöl og tölvupóst. FMR er hluti af fyrsta viðbragði almannavarna og starfar í nánú samstarfi við samhæfingarstöð almannavarna (SST) og stjórnstöð ríkislögreglustjóra við sérstakar lögregluaðgerðir (RST).

Hlutverk FMR á sviði fjarskipta og öryggismála:

- Fylgist með öryggiskerfum stjórnarráðsins og fleiri ríkisstofnana
- Annast samhæfingu talhópa í TETRA-fjarskiptakerfi lögreglu
- Veitir aðgang að hljóðupptökum úr fjarskiptakerfum í tengslum við rannsóknir
- Sér um umsýslu í málum þar sem lögregluembætti óska eftir leit að týndum börnum og fólki sem talið er í bráðri lífshættu, með því að nota neyðarleit hjá símafyrirtækjum
- Að beiðni lögregluembættanna er vöktun á símanúmerum einstaklinga sem sæta ofbeldi í þeim tilgangi að bregðast skjótt við ef óskað er eftir aðstoð

Tækniþróun og flotastýring


Haldið var áfram með þróun á flotastýringu fyrir lögreglu á árinu en það er tækni sem þjónustar lögreglumenn með rafrænar upplýsingar og mælir útkallshraða lögreglu. Með þessari tækni fá lögreglumenn upplýsingar um verkefnið í síma lögreglutækisins. Þá hafa þeir allar upplýsingar tiltækar á staðnum auk þess sem hægt er að bæta rafrænt við upplýsingarnar frá FMR, eftir því sem upplýsingar bætast við og einnig beint frá vettvangi til allra sem eru að vinna í sama máli.



Álagstímabil og mannaforði

FMR stendur frammi fyrir auknu álagi á orlofstímum þegar starfsfólk fer í sumarfrí og á sama tíma aukast verkefni um 25–30%. Þrátt fyrir áskoranir hefur starfsfólk FMR sýnt mikinn sveigjanleika og verið lausnamiðuð í úrlausn þeirra verkefna og áskorana sem upp koma. Þá hefur FMR fengið stuðning frá öðrum deildum öryggis- og löggæslusviðs og hefur afleysingafólk komið og hjálpað til við að tryggja óbreytta þjónustu.

Á árinu bárust 94.933 símtöl og verkefni frá Neyðarlínunni (112), sem er um 10.000 fleiri verkefni en árið áður. Varastöð FMR, staðsett á Krókhálsi, gegnir einnig mikilvægu hlutverki og var ómetanleg á tímum Covid-19 faraldursins. Hún er enn mikilvægur hluti af starfseminni í dag.



Fjöldi símtala sem flokkast sem lögregluverkefni og voru flutt frá Neyðarlínu til FMR á árunum 2018–2022



Landamærasvið

Starfsemi og hlutverk landamærasviðs hefur tekið þó nokkrum breytingum frá því að landamærasvið var stofnuð þann 1. janúar 2019, m.a. vegna nýrra verkefna sem og margra ófyrirséðra verkefna sem deildin hefur fengist við undanfarin ár og má þar helst nefna vegna heimsfaraldurs Covid-19, BREXIT og nú árið 2022 innrásar Rússlands í Úkraínu.

Stríðsátökin í Úkraínu leiddu af sér margvíslegar áskoranir varðandi sértækar aðgerðir á landamærum en landamærasvið gaf út reglulegar stöðuskýrslur, uppfærði leiðbeiningar og verklag ásamt því að gefa út með reglubundnum hætti áhættuvísu til framkvæmdaraðila. Þá stóð landamærasvið að því ásamt héraðsaksóknara, með góðri aðstoð frá Kripos í Noregi, að setja upp vefsvæði fyrir þá úkraínsku og mögulega rússnesku ríkisborgara eða aðra sem telja sig hafa orðið fyrir stríðsglæpum vegna innrásarinnar og vilja tilkynna atvik til íslenskra stjórnvalda. Héraðsaksóknari tekur á móti erindum og metur hvort ástæða sé til að rannsaka þau nánar.

Menntun og þjálfun

Landamærasvið hefur unnið markvisst að innleiðingu á grunn- og framhaldsnámi fyrir landamæraverði byggt á kjarnanámsskrá (Common Core Curriculum) Landamærastofnunar Evrópu (Frontex) og inniheldur samræmd hæfniviðmið fyrir landamæraverði á landamærum Schengen-svæðisins. Það verkefni hefur verið unnið í nánu samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar og lögreglustjórnann á Suðurnesjum. Grunn nám landamæravarða, *Inngangur að landamærafræðum*, hefur verið sett upp sem vendinám og er sá grunnur sem allir aðrir þættir þjálfunar löggæsluaðila á landamærum eru byggðir á.



Mannauðs- og tækjaáætlun (e. Capability Development Plan)

Árið 2022 var gerð mannauðs- og tækjaáætlun sem var ætlað að endurspeglar ógnir, áskoranir og þarfir íslenskra stjórnvalda við landamæragæslu. Tekur áætlunin til ýmissa grunnþátta landamæragæslu eins og mönnunar, menntunar og þjálfunar, áhættugreiningar, endursendinga, framlags í stöðuliðið, snjallvæðingu landamæra, erlends og innlends samstarfs og fleiri þátta.

Schengen-úttektir og aðgerðaáætlun

Á vegum Evrópusambandsins og aðildarríkja Schengen-samstarfsins eru reglulega gerðar úttektir á því hvernig einstök aðildarríki fara að þeim reglum sem settar hafa verið vegna samstarfsins. Landamærasvið er ábyrgt fyrir Schengen-úttektum sem eru framkvæmdar í málaflokki ytri landamæra. Í júní 2022 var unnið að slíkri úttekt og fylgir því mikill undirbúningur, ekki bara hjá landamærasviði heldur jafnframt hjá öðrum deildum embættisins sem og öllum lögregluembættum landsins og Landhelgisgæslunni. Niðurstöður úttektarinnar voru að mörgu leyti viðunandi en þó er ljóst að það er enn margt sem gera þarf betur og má þar helst nefna aukningu í mannafla og menntun og þjálfun í málaflokknum. Í kjölfar úttektarinnar fékk Ísland 27 tilmæli sem nú er unnið að með aðgerðaáætlun sem uppfærð er á sex mánaða fresti.

Stöðulið Frontex (e. standing corps)

Landamærasvið hefur unnið markvisst að því að tryggja að Ísland uppfylli skuldbindingar sem leiða af Schengen-samstarfinu og má þar sérstaklega nefna skuldbindandi framlag Íslands með þátttöku íslenskra löggæsluaðila í stöðuliði Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (Frontex). Hlutverk stöðuliðsins er að aðstoða þau aðildarríki sem þurfa á aukinni aðstoð að halda hverju sinni vegna áskorana á ytri landamærum. Landamærasvið í samvinnu við dómsmálaráðuneytið vann reglur nr. 690/2022 um framlag íslenskra stjórnvalda til stöðuliðs Frontex en tilgangur þeirra var að kveða nánar á um starfsemi og verkefni liðsmanna í teyrum stöðuliðsins, hvort heldur er um að ræða starfsfólk erlendra löggæsluaðila sem starfa á Íslandi eða starfsfólk íslenskra yfirvalda sem starfar erlendis á grundvelli laga, alþjóðlegra skuldbindinga eða samstarfssamninga við erlend ríki.

Áhættugreining CIRAM (e. Common Integrated Risk Analysis Model)

Landamærasvið hefur allt frá stofnun unnið markvisst að því að innleiða sameiginlegt áhættugreiningarsniðmát Schengen-samstarfsins (CIRAM). Á þeim grundvelli var stofnaður CIRAM-hópur sem landamærasvið er í forsvari fyrir en í hópnum eru jafnframt fulltrúar allra lögregluembætta landsins, Landhelgisgæslunnar, tollgæslunnar og Útlendingastofnunar, auk nokkurra deilda innan RLS. Ársfjórðungslega gefur landamærasvið út áhættumatsskýrslur sem m.a. byggja á framlagi frá öllum lögregluumdæmum landsins, Landhelgisgæslu, tollgæslu og Útlendingastofnun. Skýrslurnar leggja grunn að mati á áhættustigi landamæra hvernju sinni. Árlega gefur landamærasvið jafnframt út áhættumatsskýrslu sem byggir meðal annars á ársfjórðungsskýrslunum. Þá gefur sviðið reglulega út áhættuvísu fyrir framkvæmdaraðila sem byggja meðal annars á framlagi frá löggæslustofnunum erlendis og innanlands.

Veikleikamat (Vulnerability Assessment (VA))

Landamærasvið hefur frá stofnun deildarinnar borið ábyrgð á árlegu veikleikamati sem er ætlað að tryggja hátt gæðastig eftirlits á ytri landamærum og samræma landamæravörslu allra aðildarríkjanna. Í þessu samhengi ber aðildarríkjum Schengen-samstarfsins skylda til að skila árlega inn til Frontex svörum við ítarlegum spurningalistum er varða fjármál, stöðu mönnunar, svo sem fjölda landamæraráða, menntun og sérfræðipekkingu, landamæraeftirlit, landamæragæslu, uppfærslur viðbragðsáætlunar vegna yfirálags á landamærum, móttökukerfi umsækjenda um alþjóðlega vernd, glæpi þvert á landamæri, áhættugreiningu, auk upplýsinga um framlag Íslands til stöðuliðs Frontex (e. standing corps). Niðurstöður veikleikamatsins eru trúnaðarmál hvers ríkis og Frontex og í kjölfar matsins þurfa ríkin að bregðast við athugasemdum Frontex með aðgerðaáætlun sem er svo skilað inn til Frontex ársfjórðungslega þar til Frontex hefur samþykkt að aðgerðum sé lokið.

Erlent samstarf

Hlutverk landamærasvið er að miklu leyti að tryggja að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar gagnvart Schengen-samstarfinu og byggir því á erlendu samstarfi. Fjölmargar ferðir eru farnar á ári hverju á námskeið, ráðstefnur og fundi erlendis og oftar en ekki eru þær ferðir á vegum Frontex. Með innleiðingu á nýjum Schengen-upplýsingakerfum hefur jafnframt bæst töluvert í erlenda samstarfið sem fer þó fram bæði á netinu og í raunheiminum.

Að lokum má til gamans geta að norrænu samstarfi er haldið úti með fjölbreyttum hætti og oftar en ekki á óformlegum nótum en það er mjög mikilvægt fyrir litla stjórnsýslu eins og hér á landi í svo sérhæfðum málaflokki.

Laga- og reglugerðavinna

Í desember 2022 voru samþykkt á Alþingi ný lög um landamæri nr. 136/2022 sem landamærasvið vann með dómsmálaráðuneytinu og lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Lögin mæla fyrir um skipulag landamæravörslu og réttindi og skyldur bæði íslenskra og erlendra ríkisborgara við för yfir landamæri. Lögnum er ætlað að styrkja lagastoðina fyrir reglugerð um för yfir landamæri og aðrar reglugerðir sem þarf að innleiða á grundvelli þeirra, m.a. um ný Schengen-upplýsingakerfi og þess alþjóðlega samstarfs sem Ísland er þátttakandi í.

Þá vinnur landamærasvið að því að innleiða reglugerðir um ný Schengen-upplýsingakerfi í samvinnu við dómsmálaráðuneytið.

